

**Nd.**

## **216. Breytingartillögur**

við frv. til laga um útsvör.

Frá Halldóri Stefánssyni.

1. Við 7. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:  
Nú verður aðili útsvarsskyldur fyrir dvöl eingöngu, án þess að hafa rekið eða stundað atvinnu (6. gr. A. I. niðurl. og B. 1), og skal þá o. s. frv.
2. Við 9. gr. 1. Töluliðurinn orðist svo:
  1. a. Ef aðili rekur atvinnu í fleirum sveitum en einni, enda taki fyrirmæli 8. gr., a—c-liðir, eigi til, og sje atvinnan ekki skemur rekin en 8 vikur.
  - b. Ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda að minsta kosti samtals 4 vikur af gjaldárinu.
  - c. Ef rekin hefir verið selveiði, hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverkun eða síldarbræðsla, verksmiðjuíðnaður hverskonar sem hann er, enda þótt skemur sje rekið.
3. Við 9. gr. Nýr töluliður, er verði 5. töluliður:
  5. Ef erlend tryggingarfjelög hafa umboðsmenn á fleirum en einum stað hjer á landi, og skal þá skifta útsvari í hlutfalli við iðgjöld þess árs af tryggingum á hverjum stað.
4. Við 10. gr., niðurlag fyrri málsgr.  
Í stað »<sup>1</sup>/<sub>3</sub>« komi; <sup>1</sup>/<sub>2</sub>.